

ÁLAGNINGARPRÓSENTUR, AFSLÆTTIR OG GJALDSKRÁR 2018.

Gildir frá og með 1. janúar 2018.



Tálknafjarðarhreppur

1. Útsvar; 14,52%.
2. Fasteignaskattur;
A - 0,50 % af fasteingamati; íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.
B – 1,32% af fasteingamati; Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.
C – 1,65% af fasteingamati; Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu. allra annarra fasteigna með tilh. lóðum, þó að undanskildum.
3. Lóðarleiga; 2,5% af fasteingamati lóða í eigu sveitarfélagsins. Þó getur sveitarstjórn ákveðið annað leiguhlutfall eða álagningu í krónutölu á hvern fermetra lóðar við sérstakar aðstæður.
4. Vatnsgjald; 0,35% af fasteingamati eigna sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins. Vatnsgjald eigna sem falla undir C lið er 0,6% af fasteingamati. samkv. ákv. 6. gr. laga nr. 32/2004
5. Tengigjöld í Vatnsveitu Tálknafjarðarhrepps er samkvæmt sérstakri gjaldskrá.
6. Holræsagjald; 0,4% af fasteingamati húss og tilh. lóðar.
7. **Sorphirðu- og sorpeyðingargjöld skv. sérstakri gjaldskrá.**

Gjalddagar liða nr. 2, 3, 4, 7 og 9 eru 1/2, 1/3, 1/4, 1/5, 1/6, 1/7 og 1/8. 2018. Þar sem fasteingnagjöld verða samtals kr. 25.000 eða lægri skal þó aðeins vera einn gjalddagi þann. 1. febrúar 2018. Eindagi er síðasti virki dagur í sama mánuði og gjalddaga.

Fasteignaeigendum 67 ára og eldri og öryrkjum 75% og meira, sem búa í eigin íbúðarhúsnæði, skal veittur afsláttur af fasteignaskatti og holræsagjaldi af viðkomandi íbúðarhúsnæði skv. reglum samþ. af sveitarstjórn.
8. Hundaleyfisgjald er samkvæmt sérstakri gjaldskrá.
9. Byggingarleyfisgjöld, afgreiðslu-, úttekta og mælingagjöld skipulags- og bygginganefndar og skipulags- og byggingafulltrúa leggjast á skv. sérstakri gjaldskrá.

Að öðru leyti gilda lög um tekjustofna sveitarfélaga og gjaldskrár um viðkomandi tekjuliði. Samþykkt þessi um álagningarprósentur, afslætti og gjaldskrár skal birt á hefðbundnum auglýsingastað ákvarðana hreppsnefndar.

Tálknafjörður, 5. desember 2017.

Indriði Indriðason
sveitarstjóri.